

1865.

1. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir afgreiðslu pósts í Austur-Skaptafells sýslu. 1865.
4. janúar.

Í bænarskrá, er hingað kom með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 26. októbermán. f. á., hefir Bergur Jónsson, prófastur í Bjarnanesi, sókt um, að fá framvegis árlega þóknun fyrir það, að honum hefir verið á hendur falið að afgreiða póst þann, sem þrisvar sinnum á ári er sendur úr Skaptafells sýslu austur í Suður-Múla sýslu, í líking við það, sem veitt er öðrum, sem afgreiða pósta á Íslandi, án þess þeir hafi neina embættis-skyldu til þess að hafa þann starfa á hendi.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það hlutadeiganda, að dómsmálastjórnin, eptir því sem ástatt er, ekki hefir neitt á móti því, að beiðandanum fyrst um sinn sè veitt 4 ríkisdala þóknun á ári í því skyni, sem að ofan er getið, þannig, að þetta sè talið frá 1. janúarmán. 1865, og hefir landfógetanum á Íslandi verið skrifað um að greiða fè þetta úr jarðabókar-sjóði Íslands.

2. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir gæzlu og aðhjúkrun á betrunarhúsfanga. 4. janúar.

Í bréfi dagsettu 7. októbermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, beiðzt úrskurðar dómsmálastjórnarinnar útaf ágreiningi milli yðar og amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um það, úr hvaða sjóði skuli greiða kostnað við gæzlu og aðhjúkrun á Guðlögi Þórðarsyni, betrunarhúsfanga, meðan hann í vetur, er leið, lá veikur í Reykjavík; er kostnaður þessi alls